

Umsókn um þjóðarleikvang fyrir klifur

Erindi frá stjórn Klifursambands Íslands til ÍSÍ

Umsækjandi: Klifursamband Íslands (KÍ)
Mannvirki: Toppstöðin, Elliðaárdalur, Reykjavík
Dagsetning: 13. apríl 2026

Umsókn um viðurkenningu Toppstöðvarinnar sem þjóðarleikvangs fyrir klifur

Á grundvelli reglugerðar Nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum fer Klifursamband Íslands þess á leit við Íþróttá- og ólympíusamband Íslands að kannaður verði hvort grundvöllur sé fyrir því að fyrirhuguð klifuraðstaða í Toppstöðinni í Elliðaárdal geti jafnframt því að vera æfinga- og keppnisaðstaða fyrir Klifurfélag Reykjavíkur, þjónað sem þjóðarleikvangur fyrir klifuríþróttina. Toppstöðin mun sem slík getað þjónað íþróttinni fyrir æfingar og keppnir afreksfólks. Jafnframt óskar klifursamband Íslands eftir stofnframlagi við bygginguna sbr 10 gr. reglugerðarinnar.

Klifursambandi Íslands er ljóst að samkvæmt reglugerðinni þurfa að liggja fyrir ýmsar upplýsingar um Íþróttina. sbr. gátlista¹ sem Ráðuneytið hefur gefið út og listar þau gögn sem sérsamband þarf að skila til ÍSÍ. Hluti af þeim upplýsingum liggur þegar fyrir og aðrar viðbótar upplýsingar mun Klifurfélagið taka saman og koma þeim á framfæri við ÍSÍ og aðra viðkomandi aðila eins fljót og unnt er.

Klifursambandið hefur nú þegar haft samband við Reykjavíkurborg og ÍBR sem munu taka málið fyrir á næstunni. En KÍ telur jafnframt að nauðsynlegt sé að taka upp viðræður um þetta mál við Menningar- og íþróttasvið borgarinnar ásamt Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Klifurfélagi Reykjavíkur til að kanna frekari grundvöll fyrir þessu máli og tryggja að ákvarðanir og í framhaldinu framkvæmd uppbyggingarinnar sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvanga skv reglugerðinni og alþjóðasambandsins World Climbing.

¹<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/ithrottir/thjodarleikvangar-gatlisti-sersambanda/>

Forsendur

Klifursamband Íslands (KÍ) hefur verið sérsamband innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), síðan 27. september 2021 þegar það var stofnað. Sambandið ber ábyrgð á skipulagi keppnisiðkunar og afreksstarfi í klifri á Íslandi og er aðili World Climbing (áður International Federation of Sport Climbing, IFSC). Innan KÍ eru 6 aðildarfélög og með samtals um 3.100 iðkendum árið 2024 og óstaðfestar tölur benda til 3.500 iðkendum 2025. Klifur er hratt vaxandi íþrótt hérlendis og erlendis. Samkvæmt tölfræði ÍSÍ hefur iðkendum fjölgað úr 680 árið 2015 í rúmlega 3.100 árið 2025 og íþróttin er nú 12. fjölmennasta íþróttin innan ÍSÍ og ein af stærstu einstaklingsíþróttum á höfuðborgarsvæðinu, bæði þegar litið er á heildarfjölda iðkenda en líka í barna- og unglíngastarfi. Sjónvarpsumfjöllun frá klifurkeppnum á Reykjavíkurlaikunum og Ólympíuleikum hefur aukið vinsældir íþróttarinnar hjá almenningi, auk þess sem umfjöllun um klifur á Íslandi fer vaxandi og nú á þessu ári hafa verið tvær beinar útsendingar í íslensku sjónvarpi, frá bæði úrslitum á Reykjavíkurlaikunum og frá íslandsmóttinu í grjótblímu.

Frá því á Ólympíuleikum í Tókýó 2020 hefur klifur verið á dagskrá Ólympíuleikanna og er nú orðin hluti af föstum greinum leikanna og frá og með Los Angeles 2028 verða þrjár keppnisgreinar á dagskrá: grjótblíma (boulder), línuklifur (lead) og hraðaklifur (speed). Á sama tíma nær íslenskt klifurafreksfólk sífellt betri árangri á alþjóðavettvangi. Á Norðurlandamóttum ná íslenskir keppendur reglulega í úrslit og árið 2025 varð íslendingur norðurlandameistari í U19 og árin 2025 og 2026 náði íslendingur þriðja sæti grjótblímu í ungmennaflokki. Á Evrópumeistaramóti unglínga 2024 komst íslenskur klifurari í undanúrslit í fyrsta sinn. Í aðdraganda Ólympíuleikanna í París 2024 var klifurari einn af sex universality-íþróttamönnum ÍSÍ. Möguleikinn á að íslenskur klifurari komist á Ólympíuleika 2028 eða 2032 er orðinn raunhæfur .

Toppstöðin er fyrirhugað klifurmannvirki í Elliðaárdal í Reykjavík, byggt á samkomulagi Klifurfélags Reykjavíkur (KFR) og fjárfesta sem tryggt hafa fjármögnun verkefnisins og hefur hlotið samþykki Borgarráðs. Ef Toppstöðin verður verður samþykkt sem þjóðarleikvangur fyrir klifur ásamt stofnframlagi verður hún fyrsta sérsníðaða klifurmannvirkið á Íslandi sem hannað er til að uppfylla alþjóðlegar keppniskröfur World Climbing. Einnig mun sú uppbygging koma í stað beiðni Klifursambands Íslands um að fá aðstöðu í fyrirhugaðri þjóðarhöll, en komið hefur í ljós að klifuraðstaða innan þjóðarhallarinnar hentar mjög illa inn í hönnun mannvirkisins og mun verða mun kostnaðarsamari en að koma slíkri aðstöðu fyrir í Toppstöðinni þar sem hönnun frá upphafi verður hugsuð út frá klifuríþróttinni og hennar þörfum.

Engin keppnisaðstaða er til í landinu sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur World Climbing. Núverandi aðstaða KFR í Ármúla 21 og 23 er löngu sprungin utan af starfsemi og engir möguleikar á frekari stækkun. Sömuleiði vantar í Ármúlan aðstöðu til línuklifurs, en aðstaðan þar mun aldrei getað þjónað þeirri grein. Núverandi mót í línuklifri fara fram í Miðgarði í Garðabæ en sú aðstaða er óviðunandi fyrir línuklifurmót. Þar er heldur enginn möguleiki á keppnishaldi með áhorfendasvæðum né sjónvarpsútsendingum.

Reykjavík, apríl, 2026



Þátttaka KÍ í alþjóðakeppnum krefst þess að sambandið geti boðið upp á alþjóðleg mót á Íslandi. Pressa er á KÍ að halda Norðurlandamót árið 2029 og eins er markmiðið að geta haldið Evrópumót unglunga og Evrópubikarmót fullorðinna. Sömuleiðis er nú stefnan að klifur verði hluti af keppnisgreinum á Smáþjóðaleikunum. Til lengri tíma er markmið KÍ að geti haldið stærri alþjóðleg mót á borð við heimsbikarmót. Eins og staðan er í dag er þetta ekki raunhæft. KÍ hefur einnig undirritað samstarfssamning við Íþróttasamband Fatlaðra (ÍF) um uppbyggingu barna- og unglingastarfs fyrir fatlaða með framtíðar afreksstarf í huga. Aðgengileg keppnisaðstaða er forsenda þessa samstarfs.

Fyrir hönd stjórnar Klifursambands Íslands

A handwritten signature in blue ink, which reads 'Benedikt Gunnar Ófeigsson'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Benedikt Gunnar Ófeigsson (formaður)